

Ár 2011, fimmtudaginn 19. maí kl. 17:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Ninna Sif Svavarsdóttir í forföllum Eyþórs H. Ólafssonar og Róbert Hlöðversson.

Ennfremur sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bærarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson, formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Formaður lagði fram dagskrárbreytingartillögu um að við bætist liður 1.6. Sýslumanninum á Selfossi. Tillagan samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

1.1. **Innanríkisráðuneytinu frá 10. maí 2011**

Í bréfinu eru kynntreglugerð og vinnureglur vegna Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem sér um fasteignir sem ríkið átti vegna málefna fatlaðra. Fasteignasjóðurinn sér um eina eign í Hveragerði Birkimörk 21-27.

Bæjarráð felur bærarstjóra að tilkynna Fasteignasjóði að bæjarfélagið hyggst nýta húsnæðið að Birkimörk 21-27 með sama hætti og verið hefur árið 2012. Ennfremur felur bæjarráð skipulags- og byggingafulltrúa að fara yfir mat Framkvæmdasýslu ríkissins vegna ástands hússins með tilliti til viðhaldsþarfar.

1.2. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 13. maí 2011.**

Í bréfinu er fréttatilkynning vegna undirritunar samnings milli ríkissins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms ásamt samkomulaginu sjálfu.

Samkomulagið lagt fram til kynningar.

Bæjarráð fagnar því að langþráð samkomulag við ríkið sé í höfn vegna þessa máls. Jafnframt leggur bæjarráð áherslu á að við áframhaldandi samningagerð vegna málsins taki sveitarfélögin ekki að sér verkefni er valda munu þeim kostnaðarauka umfram þeim kostnaði sem felst í tónlistarnáminu til lengri tíma litið.

1.3. **Sveitarfélaginu Árborg frá 3. maí 2011.**

Í bréfinu er tilkynnt að sveitarfélagið Árborg hefur hætt við áform um að hætta aðild að skólaskrifstofu Suðurlands.

Lagt fram til kynningar.

1.4. **Sveini Kr. Sigurðssyni frá 10. maí 2011.**

Í bréfinu óskar Sveinn eftir stækkun á lóð sinni Kambahrauni 22.

Bæjarráð samþykkir erindið enda fellur umrædd stækkun afar vel að lóðarmörkum nærliggjandi lóða. Skipulags og byggingafulltrúa falið að útbúa nýan lóðarleigusamning vegna þessa.

1.5. **Hans Óla Hanssýni frá 4. maí 2011.**

Í bréfinu óskar Hans eftir lóð eða svæði til að byggja á hús í tilraunaskyni.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.

1.6 **Sýslumanninum á Selfossi dags. 19. maí 2011.**

Í bréfinu óskar sýslumaður eftir umsögn Hveragerðisbæjar vegna umsóknar Steingríms Ingasonar f.h. Formúlu1 ehf., kt. 651198-2409 um tímabundið áfengisleyfi laugardaginn 28. maí kl. 20:00 - 01:00, í tilefni af Herrakvöldi íþróttafélagsins Hamars, í Þinghúsinu, Breiðumörk 25, 810 Hveragerði.

Bæjarráð gerir ekki athugasemd við að sýslumaður veiti umrætt leyfi.

2. **Fjárhagsleg málefni:**

2.1. **Tilboð í vefsíðu frá Netvistun.**

Lagt fram tilboð í vefsíðugerð fyrir Hveragerði frá Netvistun ehf.

Bæjarráð samþykkir tilboðið og leggur áherslu á að ný heimasíða verði enn skilvirkari en sú sem nú er í notkun og auki tengsl og þjónustu við íbúa og aðra notendur síðunnar.

3. **Verkfundagerðir:**

3.1. **Frárennsli Breiðamörk - Íþróttahús frá 4. og 11. maí 2011.**

Fundagerðirnar samþykktar.

3.2. **Gatnagerð í Hveragerði 2010 frá 12. maí 2011.**

Fundagerðin samþykkt.

3.3. **Fundur um almenningssamgöngur á Suðurlandi frá 10. maí 2011.**

Fundagerðin samþykkt.

4. **Fundargerðir til kynningar:**

4.1. **Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands bs. frá 10. maí 2011.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt. 17:55  
Fleira ekki gert og fundi slitið kl

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)